

ÁRSSKÝRSLA

Björgunarfélags
Vestmannaeyja



Starfsárið 2004-2005.

Skýrsla stjórnar Björgunarfélags Vestmannaeyja starfsárið 2004-2005.

Inngangur.

Hér á eftir fer skýrsla stjórnar yfir helstu aðburði líðandi starfsárs Björgunarfélags Vestmannaeyja.

Starfsárið 2004-2005 skipuðu eftirfarandi meðlimir stjórn félagsins:

Formaður: Adolf Hafsteinn Þórsson.

Varaformaður: Hjálmar Baldursson.

Gjaldkeri: Sigurður Þórir Jónsson.

Ritari: Arnar Ingi Ingimarsson

Meðstjórnendur: Bjarni Sighvatsson og Ingvi Skjaldarson

Stjórnin þakkar félagsmönnum Björgunarfélagsins ánægjulegt samstarf á starfsárinu.

Útköll og verkefni.

Þann 25.maí barst “rautt” útkall frá 112

Svanborg VE var að sökkva 3 mílur austan við eyjar.Tveir menn um borð.

Það tók um 20 mínútur að komast að bátnum.Þegar að var komið stóð aðeins stefni bátsins upp úr sjó..Mönnunum bjargað úr gúmmíbjörgunarbát.Annar mannanna var mjög kaldur en annars báðir hressir. Veður gott og sjóllítið.

Þann 31.maí barst “grænt” útkall frá 112

Bíll sem var hálfur út af bjargbrún á golfvöllinum sóttur að beiðni Lögreglu.

Farið var á Lunda2 og málunum bjargað.

Þann 25.júní barst “grænt” útkall frá 112.

Aðstoð vegna þess að tjöldum,tjaldvögnum og fellihýsum. Fólki hjálpað að ganga frá sínu dóti og fólkinu komið í hús.Fólkið fékk gistingu í Listaskólanum

Þann 1.ágúst barst “gult” útkall frá 112.

Mjög lítill sportbátur í vandræðum vegna veðurs,var á leið frá Hornafirði áleiðis til Reykjavíkur.Einn maður um borð og báturinn mjög illa tækjum búinn,einn GSM sími,GPS tæki og vasaljós.Þór tók bátinn í tog og dró hann til hafnar í eyjum.

Miðað við það að það var laugardagsnótt á Þjóðhátíð þá er það nokkuð gott að geta mannað Þór á þessum tíma.

Báturinn var 28 sjómílur austan við eyjar þegar útkall barst, veður SA 10-12 m/sek og talsverður sjór.

Þann 16.september barst “gult” útkall frá 112.

Óveður rúður brotnar á nokkrum stöðum í bænum auk þess að þakplötur voru víða farnar að losna.Veður SA19-26 m/sek og rigning



Þann 18 október barst “rautt” útkall frá 112.

Þak IMEX hússins var að fjúka út í himinhvolfið. Hættuástand skapaðist í miðbænum, töluvert af þakplötum fjúkandi um stræti og torg og skæðadrífa glerbrota stráðist yfir Strandveginn sunnan megin við húsið. Götum var lokað í miðbænum.

Stór hluti þaksins fauk yfir húsið og hafnaði ofan á kyrrstæðum bíl í sundinu suðaustan við húsið og skemmdist bíllinn mikið. Farið var í fergja þennan stóra hluta og í það var notað traktorsgrafa, svo var farið í að koma böndum á restina af þakinu og í það voru notaðar stórvirkar vinnuvélar og kranabíll og gekk það vel.

Fljótlega fóru að berast fleiri beiðnir um aðstoð.

Tvö göt voru komin á þakið á Kaffi Kró og var neglt fyrir þau.

Þak á beituskúr við Strandveg byrjað að fjúka neglt niður og sett farg ofaná með hjálp kranabíls. Einnig sinnti félagið ýmsum öðrum verkefnum þennan dag.

Veður norðan 19-33 m/sek sló í 53 m/sek í mestu hviðunum.

Þann 3. janúar barst “grænt” útkall frá 112.

Þak var að fjúka af einu húsi í austurbænum. Farið þangað og þakið neglt niður.

Þann 11. febrúar barst “grænt” útkall frá 112.

Maður sóttur veikur um borð í loðnuskipið Hákon EA. Skipið var stutt 20 sjómílar austur af Kötlutanga. Hákon sigldi til móts við Þór og var maðurinn tekinn um borð og farið með hann í land í Eyjum.

Þann 17. mars Barst útkallsbeiðni frá lögreglu.

Aftakaveður í Eyjum og þök tveggja húsa farin að fjúka. Annar vega var um að ræða þak á “sunhouse” húsi við Bröttugötu og hins vegar þak á aðventistakirkjunni við Brekastíg. Fyrst var farið á bröttugötuna og reynt að negla dúk niður sem var á þakinu og síðan farið að binda niður þakið og gekk það nokkuð vel. Þessi svokölluðu “sunhouse” hús eru komin nokkuð til ára sinna og þess vegna frekar viðkvæm fyrir óveðri ef þeim hefur ekki verið vel við haldið.

Næst var farið að Aðventistakirkjunni og þakið neglt niður. Lundi 1 var notaður sem trygging og í hann bundin siglína fyrir manninn sem fór upp, þar sem þakið er mjög bratt og einnig var vindurinn frekar mikill. Klukkan tólf á hádegi mældist meðalvindhraði 38 m/sek og austanátt.

Svo kallaði Lögreglan aftur út seinna um daginn.

Þá var þakið farið að losna enn meira á “sunhouse” húsinu við Bröttugötu.

Svo var farið þangað og bætt við spottum og húsið bundið betur niður.

Svo barst önnur beiðni, það var vegna “sunhouse” húss við Brimhólabraut þar var þakið einnig byrjað að losna og var það bundið niður.

Veður austan 25-41 m/sek sló í 51 m/sek í mestu hviðunum.



Almannavarnir og Svæðisstjórn

Á þessu starfsári var haldinn einn fundur í svæðisstjórn og meðal efnis var að kynntur var nýr aðgerðagrunnur og mönnum sýnd virkni hans.

Á þessu starfsári var haldinn einn fundur í almannavarnanefnd. Breytingar frá okkar hálfu í Almannavarnanefnd var að Sigurður Þóri Jónsson kom inn í nefndina í stað Bjarna Sighvatssonar.

Bílamál.

Nýr Lundi 1 (ECONOLINE) var tekinn í notkun á árinu. Hann kom skömmu fyrir Þjóðhátíð merktur með talstöðvum og þess háttar. Svo var hann sendur aftur í jeppabreytingu og kom aftur fullbreyttur í lok október.

Rekstur Lunda 2 (PATROL) hefur verið með hefðbundnum hætti. Ekki hefur orðið vart við meiri háttar bílanir og engir árekstrar orðið aldrei þessu vant. Bifreiðin er nú orðinn 6 ára gömul og nú þurfa menn að fara að huga að endurnýjun á Lunda 2. Rekstur Lunda 3 hefur verið með hefðbundnum hætti. Ýmislegt hefur verið gert fyrir hann á þessu starfsári og er hann nú í nokkuð góðu standi

Sjóbúðin.

Töluvert hefur verið unnið í sjóbúðinni á þessu starfsári. Sett var epoxy gólfefni á gólfið í minni salnum. Þetta efni er mjög slitþolið og stamt og hentar því mjög vel á gólfið. Veggir í minni salnum spartlaðir og málaðir. Einnig var sett upp eldhúsinnrétting í kaffistofu og hillur í flugeldageymslu. Unnið hefur verið við klæðningar á veggjum í stærri salnum og er sú vinna nú langt komin. Búið er að grunna og m hluta af stóra salnum. Núna þurfa félagsmenn að leggjast á eitt við að klára húsið því margar hendur vinna létt verk. Kiwanisklúbburinn Helgafell fór fram á að setja neyðarhnapp utan á húsið og var það samþykkt. Hnappurinn verður settur upp núna á allra næstu mánuðum.

Göngurall.

Göngurall var haldið 25. september sl. Fjórtán hófu keppni og ellefu luku henni. Þessi þátttaka er alls ekki nógu góð. Ýmsir kostir hafa verið skoðaðir varðandi rallið en engar ákvarðanir hafa verið teknar í þeim málum.

Þjóðhátíð.

Þessi Þjóðhátíð gekk nokkuð vel fyrir sig en var þó nokkuð annasöm. Veðrið var allþokkalegt en þó var veðrið frekar vont aðfarnótt föstudagsins rigning og rok og fólki boðin gisting í Íþróttahúsinu. Nokkrir gæslu menn sendir á vakt þar.

Að vanda vorum við með stóran hóp björgunarsveitarmanna ofan af landi okkur til halds og trausts. Okkur gengur mjög illa að manna okkar pósta og er nauðsynlegt að finna einhverja aðferð til að fá fleiri til starfa.

Alltaf eru kröfur reglugerðarþjófélagsins að aukast. Spurningin er hvað við fáum að vera lengi með þessa Þjóðhátíðargæslu, kröfurnar eru orðnar það miklar að það er orðið erfiðara að uppfylla allar þessar kröfur, í ljósi þess að hátíðin stendur yfir. Og á endanum er þetta allt saman spurning um peninga og hver á að borga brúsann.



Nýliðastarf.

Nýliðastarfið var með hefðbundnum hætti hjá okkur í vetur.

Við fórum í grunnskólana síðastliðið vor og kynntum starfið fyrir efstu bekkingum skólanna og buðum þeim að koma á kynningarfund. Þar mættu nokkrir krakkar sem sumir hverjir skráðu sig til nýliðastarfsins.

Ákveðið var að hafa vinnukvöld reglulega. Námskeið voru haldin bæði hér heima og uppi á landi. M.a. má nefna fyrstu hjálp 1 & 2. Einnig fór einn nýliði 2 frá okkur á námskeið sem haldið var á Gufuskálum.

Starfið hefur verið með minna móti í vetur sem skýrist af því að nýliðaþjálfararnir hafa verið frekar uppteknir við nám og störf og það hefur því miður bitnað á starfinu. En nýliðarnir okkar hafa allflestir verið duglegir og t.a.m. hjálpað vel til við flugeldavinnuna og annað sem að til hefur fallið í félaginu.

Við vonumst til að geta starfað meira með nýliðunum á næsta starfsári.

Aðalsteinn Baldursson
Bjarni Halldórsson
Ingvi K. Skjaldarson

Viðurkenningar.

Heiðursskjöldur Sjómannadagsráðs Vestmannaeyja.

Áhöfnin á Björgunarskipinu Þór var veitt viðurkenningu fyrir frábært viðbragð við björgun tveggja skipverja af mb. Svanborgu er sökk austan við eyjar.



Flugeldamál.

Flugeldasala gekk nokkuð vel fyrir utan vandamál við að koma gámnum til Eyja. En gámarnir komu á Þorláksmessu sem er alveg í seinasta lagi. Þannig að uppsetning búðar tafaðist töluvert og félagsmenn þurftu að vinna mikið milli jóla og nýárs.

Við vorum með einn sölustað og var uppsetning hans með nokkuð hefðbundnum hætti þrátt fyrir seinkunina. Mæting var nokkuð góð í söluna og einnig verðum við að vera sátt við útkomuna úr sölunni þó alltaf megi gera betur.

Undanfarin ár höfum verið að færa flugeldasöluna til þess horfs sem nýjar reglugerðir krefjast. Í tengslum við flugeldasöluna voru settar upp þrjár nýjar brunavarnahurðir auk þess að settar voru upp hurðapumpur. Þannig að eins og undanfarin ár höfum við lagt í töluverðan kostnað til að uppfylla þessa reglugerð.

Gjafir.

Félaginu hefur borist töluvert af gjöfum á þessu starfsári.

Gjöf frá Slysvarnadeildinni Eykyndli að upphæð 1 millj.kr til búnaðarkaupa.

Gjöf frá Styrktarsjóði vegna Ísfélagsbrunans. Landakirkja er umsýsluaðili sjóðsins og fengum við gjöf að upphæð 100 þúsund krónur.

Gjöf frá Sjóvá. Tveir nætursjónaukar ætlaðir til notkunar um borð í Þór.

Gjöf frá Landmælingum. Kortadiskur og forrit.

Gjöf frá Hitaveitu Suðurnesja að upphæð 450 þúsund krónur.

Við viljum við þetta tækifæri þakka hlýjan hug þessara aðila, það styrkir okkur í starfinu að vita að fólk kann að meta okkar störf í þágu almennings.

Neyðarvörusala.

Í fjölda ára hefur félagið selt neyðarvörur í skip og báta. Eiríkur Þorsteinsson hefur frá upphafi séð um þessa starfsemi félagsins. Á liðnu starfsá gekk salan með hefðbundnum hætti en nokkur samdráttur hefur verið á sölu neyðarvara á liðnum árum og er það vegna mikillar fækkunar báta og breytinga í sjávarútvegi.

Námskeið og æfingar.

Björgunarsveit Hafnafjarðar kom til Eyja 11 okt. og hélt hér sinn árlega “Rimmugný” með aðstoð nokkurra aðila í Björgunarfélaginu.

Svo stuttu seinna héldum við okkar eigin útgáfu af Björgunarleikum. Fjögur lið tóku þátt og var lið númer 1 (svokallaður “stjórnarhópur”) ótvíræður sigurvegari í keppninni þrátt fyrir gallaða stigagjöf.

Einn aðili frá okkur fór á námskeið út í Skotlandi. Efni námskeiðsins var meðferð minni báta til björgunar.



Faxastígur 38.

Aðstaða stjórnar var tekin töluvert í gegn, settir upp skápar í staðin fyrir hillurnar sem fyrir voru. Einnig var skipt út skrifborði, ofn færður og uppröðun breytt.

Keyptir voru tveir flatskjáir og ný tölva í fjarskiptaherbergi. Keypt var vara-afl fyrir tölvurnar í húsinu.

Í félagsaðstöðu og sal uppi voru keyptar festingar og tjöld fyrir skjávarpa sem var keyptur.

Í eldhúsi uppi var gengið frá varanlegu gólfefni.

Í eldhúsi niðri var innréttingu breytt, ískapurinn færður í innréttinguna, keyptur örbylgjuofn og skipt um borðplötu.

Keyptar tvær nýjar flaggstangir í stað stanga sem brotnuðu í óveðri í vetur sem leið.

Umgengnin í bílskúrnum hefur ekki verið okkur til framdráttar í ljósi þess að bílskúrin er í útleigu. Þetta verður að lagast.

Félagsfundir

Félagsfundir á þessu starfsári voru þrjár og mæting var með ágætum.

Fundir-Þing.

Nokkrir aðilar frá okkur fóru á ráðstefnuna “Björgun” og var hún mjög fróðleg í alla staði. Fjöldi fyrirlestra og mikið af búnaði til sýnis.

Einnig hafa nokkrir stjórnarmenn farið á fulltrúaráðsfund og bátasjóðsfund.

Stjórn Slysavarnafélagsins Landsbjargar kom í heimsókn út í eyjar og var haldinn stjórnarfundur og smá veisla um kvöldið.

Spröngukennsla.

Spröngukennsla var með hefðbundnu sniði. Hannes Kristinn sá um kennsluna.

Þarna lærir æska Eyjanna þjóðaríþróttina sprang.

Árshátíð.

Engin árshátíð var haldin á þessu starfsári, en í stað þess ætlum við að hefja nýtt starfsár á því að halda árshátíð.

Miðvikudagskaffi.

Á hverjum miðvikudagsmorgni klukkan hálf tíu mæta 8-15 meðlimir í kaffi og meðlæti í skátaheimilið. Þar er lífsgátan leyst og skipst á kjaftasögum. Ef að þú hefur ekki enn mætt þá máttu vita að þú ert velkomin(n).



Bátamál.

Þór var sjósettur eftir viðhald þann 11.maí. Báturinn var uppi í rúmar 6 vikur og á meðal þess sem var gert, Baturinn málaður hátt og lágt, drifbúnaðurinn yfirfarin, skrufurnar endurbyggðar, mastrið lækkað ásamt ýmsu öðru sem var lagfært eða breytt.

Mæting var almennt ágæt en eins og venjulega lenti megnið af vinnunni á nokkrum aðilum.

Keyptir voru fjórir Víking gallar. Þessir gallar eru ætlaðir til notkunar í verkefnum bátsins. Einnig voru keyptir fjórir Gecko hjálmar með andlitshlíf.

Galli kom upp í hjartastuðtækinu um borð í Þór og mun söluaðilinn sjá um að við fáum nýtt tæki okkur að kostnaðarlausu en einnig fáum við að halda því gamla.


Starfið í kringum bátinn hefur ekki verið upp á sitt besta, lítið hefur verið um eiginlegar æfingar, þrátt fyrir að báturinn hafi verið töluvert notaður.

Tuðran var töluvert mikið notuð síðastliðið sumar, en umgengnin hefur ekki verið nógu góð og það er eitthvað sem við þurfum að laga, til að tuðran sé útkallshæf þegar á reynir. Keyptir voru 2 Gecko hjálmar fyrir tuðruna og liggur fyrir að kaupa tvo galla. Umsjónarmenn fyrir tuðruna eru Halldór Ingi og Hannes Sig.

Búnaðarmál.

Keyptir voru sjö sérsniðnir köfunargallar og þeir félagsmenn sem fengu galla, borguðu hluta af kaupverði gallanna. Með þessum göllum fylgdu innanundirgalli, hetta, sokkar, ventlar og slanga fyrir gallann.

Keyptur var ýmis útbúnaður fyrir fyrstu hjálp og fjallabjörgun.



SKÝRSLA MINNINGARSJÓÐSINS. FYRIR ÁRIÐ 2004.

Sala minningarkorta gekk vel á síðastliðnu ári .Þóra Egilsdóttir, Sigríður Magnúsdóttir og Emma Magnúsdóttir sáu um söluna og hafi þær þökk fyrir. Ekki var nein umsókn um styrk úr sjóðnum. Stjórn sjóðsins skorar á félagsmenn og aðra að muna eftir sjóðnum er þeir þurfa að senda minningarkort

Stjórn minningarsjóðsins.
Sigríður Gísladóttir
Guðný Jensdóttir



Úr skipsbók björgunarbátsins PÓRS.

26.maí.

Farið í útsýnisferð með verðandi nýliða.

2.júní.

Æfingatúr farinn hringur í kringum eyjuna

17.júní.

Þjónustuferð með kafara út í Álsey

1.júlí.

Farið með mannskap og vistir út í hina fögru eyju Brand.

2.júlí.

Farið og sóttir veðurtepptir golfarar upp í Bakkafjöru alls 20 manns.

3.júlí.

Þjónustuferð. Farið út í Faxa RE og sótt hluti af áhöfn og siglt með þá í land.

5.júlí.

Farið í útsýnisferð með nýliða félagsins.

6.júlí.

Farið með Norska leikara á vegum Leikfélags VM út í Bjarnarey

8.júlí.

Farið og sóttur afli í Hellisey, Álsey og Brand.

9.júlí.

Fólk sótt í Bjarnarey.

10.júlí.

Farið með meistaraflokk ÍA uppí Þorlákshöfn.

12.júlí

Farið út til að aðstoða tuðrumenn að komast fyrir klettinn aftakaveður og mikill sjór.

13.júlí.

Fólk sótt í Brandinn.

17.júlí.

Mælingatúr fyrir Vestmannaeyjahöfn út við Vík í Mýrdal.

18.júlí

Mælingatúr fyrir Vestmannaeyjahöfn upp í Bakkafjöru.

22.júlí

Farið út í Surtsey með fólk á vegum Náttúrustofu Suðurlands.

24.júlí.

Farið út í Æskuna VE fyrir Vinnslustöðina. Fólk tekið um borð í Þór og fólkið sett í land í Álsey.

27.júlí.

Fólk og fugl sótt í Álsey,Suðurey og Elliðaey.

6.ágúst.

Fólk og fugl sótt í Álsey.

10.ágúst.

Farið með sprengjusérfræðinga LHG út í Þórunni Sveins.VE.

22.ágúst.

Farið með stjórn Símans út í Elliðaey.

16.október.

Farið í útsýnisferð með þrjá hópa fyrir Skátafélagið Faxa.

12.apríl.

Farið og aðstoðað við að færa Hörpu VE milli bryggja.

